

Hverfisráð Grafarvogs

Ár 2017, þriðjudaginn 19. september var haldinn 142. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness og hófst fundurinn kl. 17:00. Viðstödd voru Sigurður Hólm Gunnarsson, formaður, Elísabet Gísladóttir, Guðbjartur Guðbjartsson og Björn Jón Bragason. Einnig sátu fundinn Ingibjörg Sigurþórsdóttir, framkvæmdastjóri í Miðgarði og Margrét Richter deildarstjóri fjármála og rekstrar í Miðgarði, sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fór umræða um væntanlegan hverfisfund borgarstjóra 27. september.
 - Kl. 17.10 tekur Gísli Rafn Guðmundsson sæti á fundinum.
2. Fram fer umræða um afgreiðslutíma sundlauga í Reykjavík. Frestað.
3. Fram fór umræða um ólykt í Rimahverfi í Grafarvogi.

Hverfisráðs Grafarvogs leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráði Grafarvogs hefur borist erindi þar sem íbúar Rimahverfis kvarta undan ólykt sem berst Gufunesi, líklega frá moltugerð. Það er ótækt að íbúar líði fyrir þann óþef sem frá þessari starfsemi stafar og Hverfisráð Grafarvogs fer fram á að þetta mál verði tekið föstum tókum af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Hverfisráðið óskar eftir upplýsingum um hvernig Heilbrigðiseftirlitið hefur brugðist við kvörtunum íbúa og til hvaða ráða það hyggis taka.

- Kl.17.20 tekur Árni Guðmundsson, áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Grafarvogs sæti á fundinum.
4. Fram fer umræða um fundartímar vetrarins. Samþykkt að fundartímar ráðsins verða áfram annan þriðjudag í hverjum mánuði kl 17.00.

Fundi slitið kl. 17.46

Sigurður Hólm Gunnarsson

Elísabet Gísladóttir
Gísli Rafn Guðmundsson

Guðbrandur Guðmundsson
Björn Jón Bragason